



Innviðaráðuneyti
b.t. skrifstofu húsnæðis- og skipulagsmála
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík
irn@irn.is

Reykjavík, 18. maí 2022

Efni: Drög að breytingu á steypukafla byggingarreglugerðar, mál nr. 84/2022

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar drög að breytingu á steypukafla byggingarreglugerðar, mál nr. 84/2022, sem birt var á Samráðsgátt stjórnvalda 2. maí 2022. Samtökin fagna framlögðum drögum að reglugerðarbreytingum en þær koma m.a. til með að opna fyrir þarfar vistvænar lausnir og auka möguleika íslensks byggingariðnaðar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Samtökin telja að umræddar reglugerðarbreytingar séu mikilvægt fyrsta skref af mörgum í viðleitni stjórnvalda til að auka á möguleika markaðarins til að mæta kröfum um vistvænni mannvirkjagerð og hvetja samtökin stjórnvöld til áframhaldandi góðs samstarfs við markaðinn varðandi breytingar á byggingarreglugerðinni til að ná fram þeim markmiðum.. Samtökin vilja þó koma tveimur ábendingum á framfæri við framlögð reglugerðardrög sem útlistaðar verða hér að neðan.

Viðmiðun um samsetningu steinefna

Í grein 8.3.3 um hlutfeni steinsteypu er sett fram sú meginregla að sement, steinefni, íblendiefni og önnur hlutfeni í steinsteypu skulu ekki innihalda skaðleg efni fyrir endingu steinsteypunnar og vera hæf fyrir ætlaða notkun hennar. Ákvæðinu er ætlað að auka möguleika framleiðenda steypu til að nota fjölbreyttari efni í steypublöndur og fagna samtökin því.

Í 2. mgr. ákvæðisins, nánar tiltekið 1. tölul., er sett fram sú viðmiðunarregla að samsetning steinefna skuli vera þannig að hámark 10% lendi í flokki 3 þegar flokkað er eftir berggreiningarkerfi skv. ÍST EN 923-3 og Rb-blaði um berggreiningu nema prófanir sýni fram á að steypa úr steinefninu uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til viðkomandi áreitisflokks.

Hér vilja samtökin benda á að ekki liggur fyrir afhverju notast er við viðmiðið 10% í flokki 3 og telja samtökin rétt að það sé útskýrt nánar í lögskýringargögnum með reglugerðarbreytingunni. Hér ber til þess að líta að Vegagerðin miðar við önnur viðmiðunargildi um leyfilegt magn steinefna í steinsteypu í Efnisgæðariti sínu, sbr. tafla 7.6, í kafla 7 um Steinsteypu. Eðlilegt er að meta umrædd viðmið og forsendur þeirra auk þess að samræma og draga þannig úr óþarfa óvissu hjá framleiðendum og kaupendum steinsteypu, að þessu leyti.



Framleiðslueftirlit steypu

Steypa er byggingarvara og fellur sem slík undir lög um byggingarvörur nr. 114/2014 og segir í gr. 5.1.1 í byggingarreglugerð að byggingarvörur til notkunar í eða við mannvirkjagerð skulu uppfylla skilyrði laga um byggingarvörur og reglugerðar þessarrar.

Ennfremur segir í grein 8.3.2 í reglugerðardrögum að steypa og hlutfni hennar skuli uppfylla ákvæði laga um byggingarvörur, íslenska þolhönnunarstaðla og staðlana ÍST EN 206, ÍST EN 13670 og ÍST 76. Ein þeirra skyldna sem lög um byggingarvörur gera til framleiðenda, innflytjanda vöru og dreifingaraðila hennar er að gera þarf grein fyrir nothæfi vörunnar með útgáfu nothæfisyfirlýsingar áður en vara er markaðssett eða notuð í mannvirki. Hefur ráðherra það hlutverk samkvæmt 6. gr. laganna að tilkynna um þá aðila sem hafa heimild til að framkvæmda verkefni þriðja aðila við mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess samkvæmt ákvæðum reglugerðar ESB nr. 305/2011. Gerð er sú krafa að sá aðili sem ráðherra tilkynnir hafi faggildingu og faglega þekkingu til að framkvæmda umrætt mat, sbr. 2. mgr. 6. gr. laganna.

Í nefndum reglugerðardrögum, nánar tiltekið í greinum 8.3.10 og 8.3.11, er fjallað um heimild til framleiðslu og svo framleiðslueftirlit. Gerð er skýr krafa til þess skv. grein 8.3.10 að steinsteypa til notkunar í mannvirkjum uppfylli viðeigandi skilyrði III. kafla laga um byggingarvörur og er fjallað um ytri eftirlitsaðila, sem skuli viðurkenndur af ráðherra. Má ætla miðað við framangreint ákvæði laga um byggingarvörur, nánar tiltekið 2. mgr. 6. gr. laganna, að sá aðili skuli hafa faggildingu.

Í ákvæði reglugerðardraganna um framleiðslueftirlit, þ.e. gr. 8.3.11, er svo gerð krafa um innra og ytra eftirlit með framleiðslunni í samræmi við staðalinn ÍST EN 206. Segir svo í 2. mgr. að prófunarstofa, sem sér um samanburðarprófanir ytra eftirlits, skuli hafa kvörðuð tæki, hæft starfsfólk og framkvæma reglulega samanburðarpróf til að tryggja öryggi mælinga. Hér telja SI mikilvægt að skýra nánar hvaða kröfur gerðar eru til umræddrar prófunarstofu og hvort hér sé verið víkja að einhverju marki frá kröfum laga um byggingarvörur eða gera viðbótarkröfur til prófunaraðila. Hið minnsta er samspil umræddra ákvæða óljóst og telja samtökin eðlilegt að framsetning sé skýrari, svo ljóst sé hvaða kröfur gerðar séu til framleiðenda steypu og þeirra aðila sem eftirlit hafa með starfsemi þeirra.

Virðingarfyllst,

Björg Ásta Þórðardóttir,
yfirlögfræðingur SI